

tímarit HJÚKRUNARFRÆÐINGA

THE ICELANDIC JOURNAL OF NURSING

3. TBL. 2017 • 93. ÁRGANGUR

Ritstjóraspjall

Tímarit hjúkrunarfræðinga er nú gefið út öðru sinni á prenti eftir að horfið var frá rafrænni útgáfu eingöngu. Það var úr vöndu að ráða að velja úr þeim fjölda viðburða og ráðstefna sem haldnar hafa verið að undanförunu hjá hjúkrunarfræðingum til að gera skil í tímaritinu. Það á einnig við um fjölbreytta dagskrá ráðstefnunnar Hjúkrun 2017 þar sem haldnir voru 50 fyrirlestrar auk fjölda vinnusmiðja og veggspjaldakynninga. Þá var dagskrá til heiðurs Ingibjörgu R. Magnúsdóttur, heiðursfélaga Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í viðtali við Ingibjörgu leiðir hún okkur aftur til áttunda áratugarins en á þeim tíma hófst meðal annars hjúkrunarnám á háskólastigi.

Á sama tíma og Ríkisendurskoðun telur að hraða þurfi nýliðun hjúkrunarfræðinga til að stemma stigu við skorti á hjúkrunarfræðingum telur þriðjungur nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga líklegt að þeir muni starfa við annað en hjúkrun í framtíðinni. Ein aðalástæðan er launakjör, vinnuálag og streita í starfi. Þetta kemur meðal annars fram í niðurstöðum kannana meðal hjúkrunarfræðinemenda og ungra hjúkrunarfræðinga sem Birna Flygenring, lektor við Háskóla Íslands, kynnti á ráðstefnunni og fjallað er um í blaðinu. Þá kynnti dr. Gísli Kort Kristófersson, lektor við Háskólann á Akureyri, aðgerðaáætlun til að auka hlutfall karlmanna í stéttinni í samvinnu við Jafnréttisstofu. Hlutfallið hefur litið breyst undanfarna áratugi og hefur Háskólinn á Akureyri sett sér það markmið að hlutfall karlmanna, sem útskrifast af heilbrigðisvísindasviði, verði 10% árið 2023. Unnið er að því að kortleggja stöðu karla í hjúkrunarnámi til að komast að hvað gangi og hvað ekki.

Höfundum fræðsluefnis er sérstaklega þakkað þeirra framlag en í fræðslugreinum þessa tölublaðs er meðal annars fjallað um svefn og vaktavinnu hjúkrunarfræðinga en vaktavinnan getur haft margvíslegar afleiðingar á heilsu þeirra og lífsgæði bæði til skemmri og lengri tíma. Þá er fjallað um hvernig trúarleg aðstoð getur hjálpað skjólstaðingum hjúkrunarheimila bæði í gleði og sorg, sem og starfsfólki heimilanna.

Öðru sinni var haldin ljósmyndasamkeppni meðal hjúkrunarfræðinga undir yfirskriftinni Með augum hjúkrunarfræðingsins og var forsíðumyndin valin úr innsendum myndum. Myndina tók Sigríður Helga Jónsdóttir skurðhjúkrunarfræðingur og er hún tekin á heila- og taugaskurðstofu í Fossvogi við heilaskurðaðgerð. Þátttakendum er þakkað kærlega fyrir myndirnar.

Helga Ólafs



TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík

Sími 540 6405

Netfang helga@hjukrun.is

Vefsíða www.hjukrun.is

Útgefandi: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Sími skrifstofu 540 6400

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Helga Ólafs. Ritnefnd: Ásta Thoroddsen, Aðalbjörg Stefania Helgadóttir, Dórothea Bergs, Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir. Blaðamaður: Ragnheiður Gunnarsdóttir. Forsíðumynd: Sigríður Helga Jónsdóttir. Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson, Hallur Karlsson, Herdis Lilja Jónsdóttir o.fl. Yfirlestur og próförk: Ragnar Hauksson. Auglýsingar: Guðrún Andrea Guðmundsdóttir, sími 540 6412. Hönnun og umbrot: Egill Baldursson ehf.

Tekið er á móti efni til birtingar á netfanginu ritstjori@hjukrun.is. Leiðbeiningar um ritun fræðslu- og fræðigreina er að finna á vefsíðu tímaritsins.

ISSN 2298-7053